



Reykjavík orðin hlutfallslega dýrari en áður

Styrking gengis gerir samanburð óhagstæðan

Mikil umræða hefur verið um hversu dýrt Ísland sé orðið og er þá gjarnan vísað til mikillar styrkingar krónunnar á síðustu misserum. Samanburður verðlags og annarra stærða á milli landa er ekki auðveldur og margar stærðir skipta þar máli. Enginn samanburður er fullkominn og nær alltaf er hægt að benda á atriði sem orka tvímælis.

Hægt er að nálgast samanburð á milli landa víða. Í þessu sambandi er hægt að velja á milli þess að sækja grunngögn til aðila eins og OECD og Eurostat eða þá að skoða sérstaklega unnin gögn frá einkafyrirtækjum. Einn slíkur er gagnagrunnur Numbeo sem skoðar ýmsar hagstærðir og ber saman á milli landa. Numbeo fylgist meðal annars með framfærslukostnaði í u.þ.b. 6.500 borgum í heiminum og ber þær saman. Aðferðafræðin er að setja kostnað í New York sem 100 á hverjum tíma og miða aðrar borgir við þá tölu. Samkvæmt nýjustu tölum er Reykjavík í 8. sæti meðal allra þessara borga hvað hæstan framfærslukostnað varðar.


EFTA löndin eru mjög dýr

Ef nýjustu tölur Numbeo eru skoðaður sést að Zürich í Sviss er dýrasta borgin á listanum og þar er framfærslukostnaðurinn 50% hærri en í New York. Hamilton á Bermúda er næst í röðinni og fimm næstu borgir eru allar í Sviss. Þá kemur Reykjavík í 8. sæti með rúmlega 30% hærri framfærslukostnað en New York og síðan eru fjórar norskar borgir í 10.-13. sæti. Það er því einungis Hamilton sem kemst upp á milli EFTA-landanna þriggja, Sviss, Íslands og Noregs í 13 efstu sætunum.


Reykjavík dýrasta höfuðborg Norðurlandanna

Sé litið á höfuðborgir Norðurlandanna sést að Reykjavík er langdýrasta borgin og hafa hún og Osló nokkra sérstöðu. Í hinum þremur borgunum er framfærslukostnaður lægri en í New York.


Framfærslukostnaður 2017
- dýrustu borgirnar



Framfærslukostnaður 2017
- Norðurlöndin



Framfærslukostnaður í þremur borgum





Reykjavík hefur klifrað upp á síðustu árum

Á árinu 2011 var Reykjavík í 61. sæti á lista þessara borga hvað varðar framfærslukostnað. Síðan hefur borgin klifrað upp listann og var í 28. sæti 2016 og er í 8. sæti miðað við síðustu tölur. Samanburðurinn við New York breyttist mikið milli 2016 og 2017, Reykjavík var 4% ódýrari 2016 en er 31% dýrari í dag. Þarna skiptir sambandið á milli krónunnar og dollars miklu máli.

Matvaran dýr á Íslandi

Reykjavík var í 8. sæti á listanum hvað verð á matvöru varðar, dýrust borga á Norðurlöndunum. Skammt á eftir kom Osló í 13. sæti og Stokkhólmur kom langt þar á eftir í 68. sæti. Ísland og Noregur hafa því mikla sérstöðu meðal Norðurlandanna í þessum samanburði.


Veitingahúsin líka dýr

Sé verðlag á veitingahúsum skoðað sést að Hamilton á Bermúda er dýrasta borgin og síðan Zug í Sviss. Þar á eftir koma Stavanger og Reykjavík. Kaupmannahöfn er í 14. sæti. Af 13 efstu sætunum eru allar borgirnar ýmist á Íslandi, í Noregi og Sviss fyrir utan Hamilton sem er í fyrsta sæti.

Ekki mjög nákvæm vísindi


Tölur af þessu tagi eru auðvitað ekki mjög nákvæm vísindi, en gefa engu að síður vísbendingu um hvernig staða Reykjavíkur birtist þeim sem skoða heimasíður fyrirtækja á borð við Numbeo. Eins og áður segir eru fyrirvararnir við svona samanburð margir og ber að hafa það í huga við túlkun og meðferð talnanna.

Verð á matvöru



Heimild: Numbeo.com

Verð á veitingastöðum



Heimild: Numbeo.com

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.